

Sp. 677. Tillaga til þingsályktunar [307. mál]
um öryggis- og varnarmál.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til, að Íslendingar leggi áherslu á af sinni hálfu að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ó-tímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í utanríkisráðgjafmálunefnd fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna og er efnislega og orðrétt í samræmi við áskorun þá til ríkisstjórnar og Alþingis, sem 55 522 íslenskir kjósendur skirfuðu undir í undirskriftasöfnun Varins lands. Hún er flutt í því skyni, að Alþingi gefist kostur á að lýsa yfir vilja sínum í utanríkis- og öryggismálum þjóðarinnar, að undangengnum umræðum um þessi mikilvægu mál. Eigi var tekin til greina ósk þm. Sjálfstæðisflokksins, að mál þetta væri sérstaklega tekið til umræðu á Alþingi, áður en utanríkisráðherra færi til viðræðna við Bandaríkjastjórn.

Atlantshafsbandalagið hefur miklu til leiðar komið í varnarmálum á 25 ára starfsferli sínum, tryggt öryggi aðildarríkjanna og frið á starfssvæði sínu. Það hefur einnig beitt sér fyrir samvinnu á mörgum öðrum sviðum. Bandalagið hefur enn mikilvægu hlutverki að gegna, þótt ástand alþjóðamála sé annað en við stofnun þess. Samstarf Atlantshafsríkjanna hefur gert þeim kleift að efla öryggi sitt á sama tíma og þau leita eftir bættri sambúð við ríkin í austri. Í samskiptum austurs og vestur hafa hins vegar engir þeir atburðir gerst, sem benda til, að úr gildi Atlantshafssamstarfsins hafi dregið.

Á þeim breytingatímum, sem við nú lifum í alþjóðamálum, fá smáríkin ekki gætt hagsmuna sinna nema með eðlilegri þátttöku í alþjóðasamstarfi. Í Atlantshafsbandalaginu eiga Íslendingar beina aðild að ákvörðunum um öryggismál okkar heimshluta. Aðildin tryggir, að ekki verður gengið fram hjá íslenskum hagsmunum. Er þetta ómetanlegt, þar sem sérstaða Íslands mundi skapa hættu á, að ella yrði ekki

tekið nægjanlegt tillit til hagsmuna okkar. Atlantshafsbandalagið er því jafnvel mikilvægara fyrir Íslendinga en margar aðrar þjóðir.

Aðildinni að Atlantshafsbandalaginu fylgja bæði réttindi og skydur. Að sjálf-sögðu er skyldunum misjafnlega háttáð á hverjum tíma. Til dæmis var ekki talið nauðsynlegt 1949, að á Íslandi væri viðbúnaður til varna. Strax 1951 breyttist aðstaðan á þann veg, að varnarsamningur var gerður við Bandaríkin innan ramma Atlantshafssáttmálans.

Drög þau að umræðugrundvelli um endurskoðun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, eru allsendis ófullnægjandi og ábyrgðarlaus.

1. Fyrirkomulag það, sem þar er gert ráð fyrir, tryggir engan veginn öryggi Íslands. Hér verða engar varnir, sem eru til viðvörunar erlendum ríkjum, sem kynnu að sýna okkur ásælni eða beita okkur þrýstingi til að hafa áhrif á gerðir okkar.
2. Með tillögum ríkisstjórnarinnar er ekki fullnægt þeirri sjálf-sögðu kröfu Íslendinga sem sjálfstæðrar þjóðar að vita, hverjir fara um næsta nágrenni hennar eða jafnvel yfirráðasvæði, þ. e. a. s. hvaða umferð er í og á hafinu og í loftinu umhverfis landið, og koma í veg fyrir, að yfirráðaréttur Íslendinga sé skertur.
3. Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar tekur Ísland ekki þátt í því eftirliti og friðargæslustarfi, sem hingað til hefur verið innt af hendi á vegum Atlantshafsbandalagsins héðan og hefur tryggt öryggi í okkar heimshluta.
4. Öll málsmeðferð ríkisstjórnarinnar er ámælisverð. Ekki var kosið um varnar- og öryggismál Íslands í síðustu kosningum, og nú sýnist ríkisstjórnin ætla að taka örlagaríkar ákvarðanir, þegar liður að lokum kjörtímabilsins.

Þá hefur lítið eða ekkert samráð verið haft við Atlantshafsbandalagið, en á vettvangi þess hafa ríkisstjórnir 13 bandalagsríkja hvatt íslensku og bandarísku ríkisstjórnirnar til að breyta í engu núverandi skipan varnarmála Íslands. Ríkisstjórnin hefur ekki heldur haft samráð við næstu nágrannaþjóðir okkar og gagn-aðilann, Bandaríkjamenn, áður en hún gekk frá drögum þeim að umræðugrundvelli um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, sem utanríkisráðherra kynnrir á fundum sínum í Washington. Slíkt samráð er sjálf-sagt, þótt Íslendingar einir taki ákvörðun að lokum í samræmi við sína eigin öryggis-hagsmuni.

Flutningsmenn þessarar þingályktunartillögu telja eðlilegt að í varnar- og öryggismálum Íslands beri einkum að leggja áherslu á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að varnarliðið sé þess megnugt á grundvelli þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu að reka héðan flug til eftirlits með siglingum í og á hafinu kringum landið og fylgjast með flugferðum ókunnra flugvéla um íslenskt flugstjórnarsvæði, svo að við vitum, hverjir fara um næsta nágrenni okkar.

Í öðru lagi, að varnarliðið sé þess megnugt að veita viðnám, fyrstu varnir, einkum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að nokkrun tíma verði á okkur ráðist.

Í þriðja lagi, að varnarstöðin sjálf verði aðskilin frá annarri starfsemi á Keflavíkurflugvelli, eins og ráð var fyrir gert í áætlun fyrri ríkisstjórnar.

Í fjórða lagi, að allir varnarliðsmenn og erlendir starfsmenn á vegum varnarliðsins og skyldulið þeirra búi á Keflavíkurflugvelli.

Í fimmta lagi, að sérstakt samstarf verði tekið upp af Íslands hálfu innan Atlantshafsbandalagsins við Noreg, Danmörku og Kanada auk Bandaríkjanna, til þess að stöðugt samráð verði haft um öryggismál í okkar næsta nágrenni.

Í sjöttá lagi, að Íslendingar hafi varnar- og öryggismál landsins í stöðugri endurskoðun, geri sér sjálfstæða grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum, hafi sjálf-ir frumkvæði að því, hvaða ráðstafanir þurfi að gera á hverjum tíma og hvenær

óhætt sé, að allt varnarlið hverfi af landi brott. Þangað til sé varnarliðið í lágmarki þess, sem óhætt er öryggis landsins vegna, og þess sé gætt, að dvöl þess hafi ekki þjóðernisleg, félagsleg og fjárhagsleg áhrif, er skaðleg séu íslensku þjóðinni og geri hana háða varnarliðinu á einn eða annan hátt utan þess öryggishlutverks, sem það gegnir.

Í sjöunda lagi, að Íslendingar taki þátt í þeim störfum, sem unnin eru í þágu eigin öryggis og eru ekki hernaðarlegs eðlis, og jafnframt verði landhelgisgæsla okkar og löggæsla eflað til aukins framtíðarhlutverks.

Á forsiðu dagblaðsins Tímans birtist fimmtudaginn 31. janúar frétt þess efnis, að daginn áður hefðu 32 menn afhent forsætisráðherra ályktun um utanríkis- og varnarmál. Segir í fréttinni, að hún hafi verið undirrituð „af 170 framsóknarmönnum úr öllum fjórðungum landsins. Í hópi þeirra eru ýmsir forustu- og framámenn Framsóknarflokksins, er gegna trúnaðarstörfum fyrir flokkinn.“ Í ályktun þessari segir m. a.:

„Við teljum, að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hafi reynst Íslandi til góðs, á sama hátt og fjölmörgum öðrum bandalagsríkjum, og hafi bandalagið átt mjög ríkan þátt í því að tryggja frið í Evrópu á áhrifasvæði þess og verið skjöldur þess andlega frelsis og efnahagslegu framfara, sem ríkt hafa í Vestur-Evrópu. Við teljum enn fremur, að samvinna Íslands við Bandaríkin um öryggismál innan vébanda bandalagsins hafi þjónað mikilvægu hlutverki á viðsjálum tímum í alþjóðamálum og stuðlað i senn að öryggi og sjálfstæði Íslands og bandalagsríkja okkar.

Af gefnu tilefni vilja undirritaðir stuðningsmenn Framsóknarflokksins lýsa því yfir, að þeir vilja fara með fyllstu gát í mótun nýrrar stefnu í íslenskum utanríkis- málum. Um leið og þeir telja endurskoðun núgildandi varnarsamnings við Bandaríki Norður-Ameríku eðlilega og sjálfsagða, lýsa þeir sig andviga uppsögn hans nú og telja ekki tímabært að gera grundvallarbreytingar á núverandi öryggismálasamstarfi við Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið, sem að þeirra dómi hefur reynst Íslendingum vel og ekki sýnt, að annað fyrirkomulag í grundvallaratriðum henti Íslendingum betur, miðað við þá reynslu, er þeir hafa þegar fengið, og það ástand, er enn ríkir í alþjóðamálum. Um þær breytingar, er til mála getur komið að gera á núverandi varnarsamningi, telja undirritaðir rétt og sanngjarnt að hafa um það fullt samráð við bandalagsþjóðir Íslendinga, ekki síst Norðmenn og Dani.“

Á þessari ályktun er vakin hér athygli til að sýna, hve viðtækur stuðningurinn við Atlantshafsbandalagið er, og að nauðsynlegt er talið, að varnarviðbúnaður sé í landinu.

Það er eðlilegt, að sjónarmið 55 522 Íslendinga í utanríkis- og öryggismálum komi til umræðu á Alþingi og þingmenn fái tækifæri til að taka afstöðu til áskorunar þessara kjósenda.